

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 50/2023

2023/EES/77/22

frá 17. mars 2023

um breytingu á V. viðauka (Frjáls för launþega) og VIII. viðauka
(Staðfesturéttur) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1157 frá 20. júní 2019 um að efla öryggi kennivottorða borgara Sambandsins og dvalarskjala sem gefin eru út til handa borgurum Sambandsins og aðstandendum þeirra sem nýta sér réttinn til frjálsrar farar ⁽¹⁾.
- 2) Hugtakið „ríkisfang í Evrópusambandinu“ kemur ekki fyrir í EES-samningnum.
- 3) EES-samningurinn hefur ekki að geyma ákvæði um stefnu í málum innflytjenda og því fellur búseturéttur ríkisborgara landa utan Evrópska efnahagssvæðisins ekki undir samninginn.
- 4) Þó njóta aðstandendur þeirra, eins og þeir eru skilgreindir í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/38/EB ⁽²⁾ sem eru ríkisborgarar landa utan Evrópska efnahagssvæðisins, tiltekinna afleiddra réttinda ríkisborgara EES-ríkja.
- 5) Í reglugerð (ESB) 2019/1157 er að finna ákvæði með tilvísunum til gerða sem hafa verið samþykktar samkvæmt V. bálki Sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Minnt er á að upptaka gerða með slík ákvæði í EES-samninginn er með fyrirvara um þann skilning að löggjöf ESB, sem samþykkt er samkvæmt V. bálki Sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, falli utan gildissviðs EES-samningsins.
- 6) V. og VIII. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 1. lið í V. viðauka við EES-samninginn:

„1a. Ákvæði gerðarinnar, sem um getur í lið 10a í VIII. viðauka (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1157), með áorðnum breytingum samkvæmt ákvæðum til aðlögunar að samningnum, gilda, eftir því sem við á, á sviðum sem falla undir þennan viðauka.“

2. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 10. lið í VIII. viðauka við EES-samninginn:

„10a. **32019 R 1157**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1157 frá 20. júní 2019 um að efla öryggi kennivottorða borgara Sambandsins og dvalarskjala sem gefin eru út til handa borgurum Sambandsins og aðstandendum þeirra sem nýta sér réttinn til frjálsrar farar (Stjtið. ESB L 188, 12.7.2019, bls. 67).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 188, 12.7.2019, bls. 67.

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/38/EB frá 29. apríl 2004 um rétt borgara Sambandsins og aðstandenda þeirra til frjálsrar farar og dvalar á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1612/68 og niðurfellingu tilskipana 64/221/EBE, 68/360/EBE, 72/194/EBE, 73/148/EBE, 75/34/EBE, 75/35/EBE, 90/364/EBE, 90/365/EBE og 93/96/EBE (Stjtið. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 77).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Hugtakið „ríkisborgarar Sambandsins“ skal lesa sem „ríkisborgarar aðildarríkja Evrópusambandsins og EFTA-ríkjanna“.
- b) Í 4. mgr. 3. gr. skulu orðin „prentað sem negatíva á bláum rétthyrningi og umlukið tólf gulum stjörnum sem mynda hring“ ekki gilda að því er varðar EFTA-ríkin.
- c) Í h-lið 6. gr. skulu orðin „prentað sem negatíva á bláum rétthyrningi og umlukið tólf gulum stjörnum sem mynda hring“ ekki gilda að því er varðar EFTA-ríkin.
- d) Í 2. mgr. 7. gr. koma orðin „Aðstandandi EES“ í stað orðanna „Aðstandandi ESB“.
- e) Í 2. mgr. 10. gr. gilda orðin „sáttmálanum um grundvallarréttindi“ ekki að því er EFTA-ríkin varðar.
- f) Í 4. mgr. 11. gr. orðast „lögum Sambandsins“ sem „EES-samningnum“, að því er varðar EFTA-ríkin.
- g) Í 1. mgr. 5. gr. koma orðin „tíu árum eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2023 frá 17. mars 2023“ í stað orðanna „3. ágúst 2031“, að því er EFTA-ríkin varðar.
- h) Í 2. mgr. 5. gr. koma orðin „fimm árum eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2023 frá 17. mars 2023“ í stað orðanna „3. ágúst 2026“, að því er EFTA-ríkin varðar.
- i) Í 1. mgr. 8. gr. koma orðin „fimm árum eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2023 frá 17. mars 2023“ í stað orðanna „3. ágúst 2026“, að því er EFTA-ríkin varðar.
- j) Í 2. mgr. 8. gr. koma orðin „tveimur árum eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2023 frá 17. mars 2023“ í stað orðanna „3. ágúst 2023“, að því er EFTA-ríkin varðar.

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2019/1157, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 18. mars 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 17. mars 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.